Kópavogsbær

Velferðarsvið Kópavogs, öldungaráð og málefni eldra fólks í Kópavogi

Kynning í öldungaráði

29. september 2026

Skjal sótt af 'ppppppppp' dags. 25.11.2026

Öldungaráð

- Starfar á grundvelli 8. gr. og 38 gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
  - *Í hverju sveitarfélagi…skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.*
- Hlutverk ráðsins skv. erindisbréfi er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni eldra fólks þar sem fjallað er um þjónustu við eldra fólk, framkvæmd hennar og þróun.
- Markmiðið með starfi ráðsins er að bæta þjónustu við eldra fólk í Kópavogi með virkri aðkomu eldra fólks að skipulagi og mótun þjónustunnar.
- Endurskoðun allra erindisbréfa ráða og nefnda bæjarins stendur yfir og von er á endurbættu erindisbréfi fljótlega.

Bæjarmálasamþykkt Kópavogs og erindisbréf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Öldungaráð – fundir og starfshættir

- Fundað er að jafnaði þrisvar sinnum á ári og heimild til eins aukafundar ef á þarf að halda.
- Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á.
- Til fundar telst löglega boðað hafi fundarboð verið sent út með viku fyrirvara.
- Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og nauðsynleg fundargögn í fundarmannagátt.
- Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um enda séu þau á verksviði ráðsins.
  - Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda hafa vísað til ráðsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Öldungaráð – fundarsköp

- Í tillögurétti ráðsmanna á fundinum felst réttur til þess að óska eftir að málefni verði tekið á dagskrá fundar.
  - Best er að slíkar beiðnir berist með góðum fyrirvara áður en fundarboð er sent út.
- Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá enda samþykki 2/3 viðstaddra ráðsmanna þau afbrigði.
- Ráðsmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í ráðinu.
- Boða þarf varamann ef aðalmaður forfallast á fund og láta starfsmann ráðsins og formann vita af því.
- Fundargerðir ráðsins skulu teknar á dagskrá velferðar- og mannréttindaráðs, bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Kópavogsbær

Velferðarsvið

Skipulag, málaflokkar og helstu verkefni

Skjal sótt af 'ppppppppp' dags. 25.11.2026

Velferðarsvið

KÓPAVOGSBÆR

Umfang, breytingar og starfsumhverfi

700 starfsmenn

370 stöðugildi

Annað stærsta svið bæjarins

Svið í umbreytingu

- Miklar breytingar í umhverfi velferðarþjónustu
- Nýtt skipulag frá febrúar 2023

Krefjandi umhverfi

- Viðkvæmir málaflokkar
- Áreiti, hótanir og samfélagsleg áföll

Öflugur mannauður

- Fjölbreyttur starfsmannahópur
- Þekking og reynsla í þjónustu við íbúa

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.11.2026

Fjárhagsrammi velferðarsviðs

KÓPAVOGSBÆR

9,9 ma. árið 2026

+5,2 ma. aukning frá 2021



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Velferðarsvið - hlutverk

- Veitir lögbundna almenna og sértæka félagslega þjónustu til íbúa í Kópavogi.
  - Ólíkir málaflokkar heyra undir sviðið sem varða einstakling og fjölskyldur á öllum aldursskeiðum.
- Veitir lögbundna barnaverndarþjónustu til barna og fjölskyldna sem búa í Kópavogi.
  - Viðauki V við bæjarmálasamþykkt fjallar um valdsvið og umboð þjónustunnar.

Velferðarstefna Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Velferðarsvið - löggjöf

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- Lög um húsnæðismál nr. 44/1998.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021.

Einnig hafa verið settar fjölmargar reglugerðir á grundvelli laga.

Á grundvelli laga og reglugerða hefur sveitarfélagið ýmist skyldu eða heimild til að setja sér reglur um þjónustu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Velferðarsvið – reglur um þjónustu

- Útfæra lögin í framkvæmd
  - Lög segja hvað á að gera, en reglur segja hvernig það er gert í raun.
- Tryggja jafnræði og gagnsæi
  - Sama þjónusta og viðmið gilda fyrir alla íbúa.
  - Skýr viðmið draga úr geðþótta.
- Skilgreina réttindi og skyldur
  - Íbúar vita hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá ákveðna þjónustu.
  - Starfsfólk veit hvernig á að vinna málin.
- Tryggja faglega og samræmda þjónustu
  - Stuðla að samræmdum vinnubrögðum.
  - Auka gæði og öryggi í þjónustunni.
- Nýta fjármagn á ábyrgan hátt
  - Skapa ramma um forgangsröðun.
  - Tryggja að þjónusta sé veitt á skilvirkan hátt.
- Sjá reglur sviðsins á heimasíðu bæjarins.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.11.2026

Velferðarsvið er í Vallakór 4

Formleg vígsla og ný móttaka opnuð 15. apríl 2025





Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

VELFERÐARSVIÐ

- Velferðarráð- og mannréttindaráð
- Umdæmisráð barnaverndar
- Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks
- Öldungaráð

SKRIFSTOFA SVIÐSSTJÓRA

- Stjórnsýsla
- Verkefnastjórnun
- Stefnumótun
- Gæðamál
- Bakvinnsla

MIÐJAN - MIÐSTÖÐ STUÐNINGS- OG STOÐÞJÓNUSTU

- Stuðningsþjónusta í formi heimastuðnings
- Stuðnings- og stoðþjónusta fyrir fatlað fólk
- Stuðningur fyrir börn

SKRIFSTOFA RÁÐGJAFAR

- Barna- og fjölskylduteymi
- Áttan uppeldisráðgjöf
- Ráðgjafarteymi
- Virkniteymi
- Samræmd móttaka flóttafólks

SKRIFSTOFA FÉLAGSLEGS HÚSNÆÐIS

- Umsjón með félagslegum leiguíbúðum
- Móttaka og afgreiðsla umsókna um félagslegt húsnæði
- Umsjón með biðlistum
- Samskipti við leigjendur og móttaka kvartana
- Áfangaheimili

SKRIFSTOFA STARFSSTÖÐVA OG SÉRTÆKAR RÁÐGJAFAR

- Ráðgjafarteymi fullorðinna
- Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk
- Vinnu- og virknistaðir fyrir fatlað fólk
- Skammtímadvalir og frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni
- Félagsstarf og dagdvalir fyrir aldrað fólk

SKRIFSTOFA BARNAVERNDAR-ÞJÓNUSTU

- Móttaka tilkynninga
- Könnunarteymi
- Meðferðarteymi
- Bakvakt
- Saman gegn ofbeldi
- Sálfræðiþjónusta
- Vistheimili
- Vistun utan heimilis
- HOF úrræði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa ráðgjafar

- Ber ábyrgð á félagslegri þjónustu til barna og fjölskyldna, uppeldisráðgjöf Áttunnar, almennri félagslegri ráðgjöf og fjárhagsaðstoð auk ráðgjafar vegna endurhæfingar, atvinnuþátttöku og vinnumiðlunar.
  - Viðfangsefnum er skipað í teymi sem hvert um sig sérhæfir sig í sínum verkefnum en þau eru barna- og fjölskylduteymi og virkni- og ráðgjafarteymi.
  - Einnig veitt sérhæfðari ráðgjöf til fjölskyldna fatlaðra barna á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, flóttafólks, hælisleitenda og innflytjenda í gegnum teymin.
  - Samræmd móttaka flóttafólks frá miðju ári 2023.
- Skrifstofustjóri Þóra Kemp.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Virkni og ráðgjafarteymi og samræmd móttaka flóttafólks

- Níu starfsmenn skipa teymin þar af einn teymisstjóri.
- Helstu verkefni:
  - Félagsleg ráðgjöf.
  - Fjárhagsaðstoð.
  - Virkni; nám, vinna, endurhæfing.
- Samræmd móttaka flóttafólks skv. samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
  - Aðstoð við útvegun húsnæðis, atvinnu, virkni, skólagöngu og annað skv. kröfulýsingu og leiðbeinandi reglum um fjárhagsaðstoð til flóttafólks.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Barna- og fjölskylduteymi

- Teymið veitir almenna og sértæka félagslega þjónustu til barna og fjölskyldna í Kópavogi.
- Sjö ráðgjafar skipa teymið:
  - Fjórir ráðgjafar sérhæfðir í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna.
  - Þrír ráðgjafar ráðnir inn í tengslum við innleiðingu samþættrar þjónustu til að sinna börnum sem ekki eru með fötlun og fjölskyldum þeirra .
- Helstu verkefni
  - Almenn félagsleg ráðgjöf og upplýsingagjöf og sértæk ráðgjöf og stuðningur vegna fatlaðra barna.
  - Meta þörf fyrir og veita þjónustu á grundvelli reglna um stuðning við börn og fjölskyldur
  - Sinna málstjórnarhlutverki þegar beiðni um samþættingu þjónustu liggur fyrir á 2. stigi sbr. hlutverk málstjóra í lögum.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.11.2026

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur

Áttan uppeldisráðgjöf

- Stofnuð árið 2011 og nú opin öllum foreldrum í Kópavogi.
- Veitir allt að sex ráðgjafarviðtöl, stuðning inni á heimili og Skref fyrir skref fyrir seinfæra foreldra ungra barna.

Einstaklingsstuðningur

- Stuðningsþjónusta sem nýtist að jafnaði börnum eldri en sex ára.
- Starfsmaður vinnur með barninu að afmörkuðum verkefnum samkvæmt stuðningsáætlun.
- Markmiðið er meðal annars að efla félagslega þátttöku, rjúfa einangrun og veita barni eða fjölskyldu hvíld.

Stuðningur inni á heimili

- Aðstoð við afmarkaða þætti uppeldis eða skipulag fjölskyldulífs samkvæmt stuðningsáætlun.

Stuðningsfjölskyldur

- Stuðla að öryggi barna, styðja foreldra og létta álagi af börnum og fjölskyldum.

Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

- Er stærsta samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs.
  - Fléttan – farsæld barna.
- Innleiðing laganna og meðfylgjandi breytinga gengur vel.
- Mál 946 barna og ungmenna í samþættri þjónustu hjá stofnunum Kópavogsbæjar.



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa félagslegs húsnæðis

- Heldur utan um félagslegt leiguhúsnæði bæjarins.
  - Móttaka, umsýsla og afgreiðsla umsókna um félagslegar leiguíbúðir og dvöl á áfangaheimili fyrir fólk með fíknivanda.
  - Umsjón með biðlistum og úthlutun íbúða í samráði við fagteymi húsnæðismála, gerð leigusamninga, umsýsla um hússjóði og samskipti við leigjendur.
  - Skrifstofan sér til þess að reglubundnu eftirliti með húseignum bæjarins í félagslega íbúðakerfinu sé sinnt í samstarfi við umhverfissvið og móttekur og afgreiðir kvartanir vegna leigjenda í félagslegum leiguíbúðum auk annarra verkefna sem tilheyra málaflokknum.
- Skrifstofustjóri Rannveig María Þorsteinsdóttir og með henni starfa tveir starfsmenn.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Félagslegt húsnæði í Kópavogi

KÓPAVOGSBÆR

Yfirlit yfir leigueiningar eftir tegund húsnæðis

483 leigueiningar samtals

323 almennar íbúðir

85 íbúðir fyrir 60 ára og eldri

Skipting leigueininga



Almennar íbúðir eru stærsti flokkurinn með 323 leigueiningar, eða um tvo þriðju hluta heildarinnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa barnaverndarþjónustu

- Könnunarteymi.
- Meðferðarteymi
- Fósturteymi
- Tveir sálfræðingar og einn lögfræðingur að láni til stuðnings við vinnslu barnaverndarmála.
- Skrifstofustjóri er Dagbjört Rún Guðmundsdóttir



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa barnaverndarþjónustu

- Heldur utan um barnaverndarþjónustu Kópavogs sem starfrækt er á grundvelli barnaverndarlaga.
  - Tengiliður við umdæmisráð barnaverndar í Kraganum og ber ábyrgð á eftirfylgd ákvarðana þess.
  - Lög gera ráð fyrir sjálfstæði barnaverndarþjónustunnar og ríka kröfu um aðskilnað milli pólitískrar yfirstjórnar og faglegrar meðferð mála.
- Ber ábyrgð á móttöku og meðferð tilkynninga sem berast til barnaverndarþjónustu vegna barna staðsettum í Kópavogi.
- Sér um könnun mála þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun á aðstæðum barns á grundvelli barnaverndarlaga.
- Sér um meðferð mála að lokinni könnun þegar talin er ástæða til áframhaldandi afskipta barnaverndarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa starfsstöðva og sértækrar ráðgjafar

- Sér um og ber ábyrgð á rekstri starfsstöðva sem þjónusta fatlað fólk og eldra fólk.
  - Styrkir og styður forstöðumenn starfsstöðva í störfum sínum.
  - Ber ábyrgð á innra eftirliti með starfsemi starfsstöðvanna, framkvæmd nauðsynlegra breytinga í þjónustunni og þróun nýrra úrræða.
- Er tengiliður velferðarsviðs við:
  - Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna framlaga í málaflokki fatlaðs fólks.
  - Sjúkratryggingar Íslands vegna samninga um dagdvöl.
  - Þau ráðuneyti sem málaflokkar fatlaðs fólks og eldra fólks falla undir hverju sinni.
- Ráðgjafarteymi fullorðinna.
- Skrifstofustjóri er Jón Kristján Rögnvaldsson



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Ráðgjafarteymi fullorðinna

- Sértæk félagsleg ráðgjöf til fullorðins fatlaðs fólks, eldra fólks og aðstandenda
  - Fimm ráðgjafar skipa teymið.
- Helstu verkefni
  - Móttaka umsókna um ráðgjöf og þjónustu.
  - Veita ráðgjöf um réttindi og þjónustumöguleika.
  - Mat á þjónustuþörf.
  - Ákvarðanir um rétt til þjónustu sbr. þjónustumat.
  - Málstjórn (þjónustuáætlanir, stuðnings- og stoðþjónusta).
  - Samningagerð.
- Teymisstjóri er Anna Guðrún Halldórsdóttir.



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.11.2026

Heimastuðningur (áður félagsleg heimaþjónusta)

- Stuðningsþjónusta í formi heimastuðnings .
  - Stuðningur við heimilishald og athafnir daglegs lífs.
  - Öryggisinnlit og búðarferðir.
- Rafrænar umsóknir en einnig hægt að sækja um á pappír.
  - Tekjuupplýsingar fylgja umsóknum.
- Símtöl og forvinna umsókna.
- Matsheimsóknir í kjölfarið til að meta stuðningsþarfir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Fjöldi notenda með heimastuðning og innlit – staðan í lok apríl 2026



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Samstarf við heimahjúkrun heilsugæslunnar

- Samningur við heimahjúkrun vegna samþættingar velferðar- og heilbrigðisþjónustu.
  - Sjö stöðugildi frá Kópavogsbæ til HH til að sinna heimastuðningi á kvöld og um helgar.
  - Vilji til að auka samstarfið enn frekar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Heimsendur matur

- Heimsending matar fyrir þau sem geta ekki annast matseld sjálf og hafa ekki tök á að borða í félagsmiðstöðvunum.
- Maturinn er afgreiddur í bökkum og er keyrður heim til viðkomandi um hádegisbil.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Akstursþjónusta eldra fólks

- Markmið þjónustunnar er að styðja við sjálfstæði og gera eldra fólki kleift búa sjálfstætt heima við sem lengst.
- Sérútbúnir bílar eru notaðir í akstursþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla.
- Þjónustan er fyrir íbúa sem:
  - Eru 67 ára eða eldri, búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur.
  - Lögblindir geta sótt um akstur með leigubíl samkvæmt samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Félagsstarf fyrir eldra fólk

Gullsmári — Gullsmári 13



Gjábakki — Fannborg 8



Boðinn — Boðaþing 9



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Roðasalir – dagdvöl fyrir fólk með minnissjúkdóma



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Roðasalir – Dagdvöl fyrir fólk með minnissjúkdóma

Markhópur

Fólk með minnissjúkdóma sem býr heima en þarf umtalsverðan stuðning í daglegu lífi.

Markmið

Að styðja áframhaldandi búsetu heima og viðhalda færni, virkni og félagslegum tengslum.

Þjónustan

Fjölbreytt virkni, tómstundir, líkamsþjálfun og útivist ásamt stuðningi við daglegt líf s.s. böðun og næringu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Virkni og vellíðan á menntasviði

Heilsuefling og samfélag fyrir eldra fólk í Kópavogi

- Verkefnið býður eldri bæjarbúum upp á fjölbreytta og heilsueflandi hreyfingu nærri heimili sínu.
- Markmiðið er að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu og stuðla að virkni, sjálfstæði og vellíðan á efri árum.
- Starfið byggir á hópþjálfun undir leiðsögn þjálfara og er miðað við ólíka getu þátttakenda.
- Áhersla er meðal annars lögð á styrk, þol, liðleika og jafnvægi.
- Verkefnið hefur þróast í öflugt samfélag þar sem hreyfing, samvera og félagsleg tengsl fara saman.

Fífan, Kórinn og Digranes, auk félagsmiðstöðvanna Gjábakka, Gullsmára og Boðaþings.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Virkni og vellíðan á menntasviði

- Reglulegar æfingar fara fram tvisvar í viku, auk fjölbreyttra valæfinga og kynningartíma.
  - Valæfingar hafa meðal annars náð til jóga, línudans, Zumba, Qigong, golfs og annarrar heilsueflandi hreyfingar.
- Reglulega er boðið upp á fræðslu um heilsu og heilsulæsi, meðal annars tengt næringu, svefni, geðheilsu og almennri vellíðan.
- Félagslegur þáttur er mikilvægur hluti verkefnisins með sameiginlegum viðburðum, göngum og samveru.
- Haustönn stendur yfir í fjóra mánuði. Önnin hefst um miðjan eða lok ágúst og er fram í miðjan desember.
- Vorönn stendur yfir í fimm mánuði. Önnin hefst í byrjun janúar og lýkur eftir fyrstu vikuna í júní.

Nánari upplýsingar á heimasíðu verkefnisins hér.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa starfsstöðva og sértækrar ráðgjafar

13 forstöðumenn og 18 starfsstöðvar

- Heimili fyrir fatlað fólk – 9.
- Sértæk þjónusta – veitt út frá kjarna.
- Vinna og virkni – 3.
- Skammtímadvalir – 1.
- Félagsmiðstöðvar eldra fólks – 2 + 1 rekin af Hrafnistu.
- Sérhæfð dagdvöl fyrir eldra fólk með minnissjúkdóma – 1.
- Eftirskólaúrræði fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri – 1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Íbúðakjarni í Kleifakór 2025



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Miðjan – miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu

- Hefur yfirumsjón með framkvæmd allrar stuðnings- og stoðþjónustu velferðarsviðs.
  - Miðlæga starfseiningin sér um **framkvæmd úrræða** sem veitt eru á grundvelli reglna um stuðning við börn og fjölskyldur, barnaverndarlaga, reglna um stuðningsþjónustu fyrir fullorðið fólk og stoðþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk.
  - **Mat á stuðningsþörfum og úthlutun þjónustu** fer ýmist fram í könnunar- og meðferðarteymi barnaverndarþjónustu, barna- og fjölskylduteymi og virkniteymi á skrifstofu ráðgjafar eða ráðgjafarteymi fullorðinna.
- Forstöðumaður: Þóra Ágústa Úlfsdóttir.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

Skrifstofa sviðsstjóra

- Yfirstjórn og stjórnsýsla.
  - Umsjón með velferðar- og mannréttindaráði.
- Skrifstofan starfar þvert á fagskrifstofur velferðarsviðs.
- Verkefnastjórn fjölbreyttra verkefna s.s. eftirfylgni stefnu og aðgerðaáætlunar, gæðamál, skjalamál, persónuvernd, breytingastjórnun, innleiðing farsældarlaga o.fl.
- Bakvinnsla – bréf eftir fundi o.fl.
- Sigrún Þórarinsdóttir – sviðsstjóri
  - Jóhanna Lilja – skrifstofustjóri og staðgengill sviðsstjóra og Hlín – verkefnastjóri ásamt þremur starfsmönnum í bakvinnslu.







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026



V.4.1 Aukin áhersla á snemmtækan stuðning til aldraðra

V.4.1.1

Efla þekkingu og hæfni starfsfólks stuðningsþjónustu heimastuðnings til að greina vísbendingar um heimilisofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, vanrækslu og annað ofbeldi gagnvart eldra fólki og bregðast við með viðeigandi hætti.

V.4.1.2

Stuðla að heildstæðri og samþættri þjónustu við eldra fólk með því að kanna áfram möguleika á aukinni samþættingu heimahjúkrunar og heimastuðnings þannig að notendur upplifi samfellda þjónustu óháð þjónustuveitanda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026

V.4.3 Góð andleg heilsa aldraðra

V.4.3.1

Efla félagslega virkni, þátttöku og aðgengi eldra fólks að félagsstarfi með áframhaldandi þróun og mótun helgaropnana í félagsmiðstöðvum eldra fólks.

V.4.3.2

Efla þekkingu, virkni og samfélagsþátttöku eldra fólks með samstarfi við Félag eldri borgara í Kópavogi um fræðslu, upplýsingamiðlun og viðburði.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.11.2026